

Nd.

110. Frumvarp til laga

[75. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimild að selja hreppsnefnd Eyrarsveitar í Snæfellsnessýslu eyðijörðina Hrafnkelsstaði í sömu sveit fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Gunnar Stefánsson, annar ábúandi jarðarinnar Eiðis í Eyrarsveit, sem nokkur undanfarin ár hefur haft afnot af nefndri eyðijörð og ræktað að nýju nokkurn hluta af túni jarðarinnar, skal hafa rétt til að fá á leigu með vægu verði þá landspildu, sem hann og erfingjar hans telja sig hafa þörf fyrir úr landi heimajarðarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oddviti hreppsnefndar Eyrarsveitar hefur með bréfi, dags. 16. nóv. 1956, til Alþingis og í samræmi við ákvörðun hreppsnefndar Eyrarsveitar á fundi hennar 3. nóv. 1956 óskað eftir að fá keypta eyðijörðina Hrafnkelsstaði í sömu sveit til afnota fyrir bændur í Eyrarsveit með það í huga að nota land jarðarinnar til upprekstrar.

Jörð þessi fór í eyði um síðustu aldamót, eftir því sem oddviti sveitarinnar upplýsir í bréfi sínu, sem fylgir hér með. Land jarðarinnar verður að teljast nauðsynlegt til upprekstrar fyrir bændur í Eyrarsveit, enda er hreppsnefndin sammála um þá þörf. Jörðin á mikið fjalllendi, og er því eðlilegt, að Eyrarsveit eignist jörðina til þeirra nota, sem hér er rætt um.

Jörð þessi hefur verið í leigu hjá ýmsum aðilum, síðan hún fór í eyði. Gunnar bóndi á Eiði í Eyrarsveit hefur nú um nokkur ár haft afnot hennar. Hefur Gunnar hafizt handa með ræktun á nokkrum hluta hins gamla túns, svo að telja verður sjálfsgagt, að hann og erfingjar hans fái á leigu heimaland jarðarinnar fyrir vægt verð frá hreppsnefndinni, ef frumv. þetta verður að lögum. Tel ég rétt, að þessi réttur Gunnars og erfingja hans sé ákveðinn í löggjöfinni.

Fylgiskjal.

Oddviti Eyrarsveitar.

16. nóvember 1956.

Eftir áskorun margra bænda í Eyrarsveit og samkvæmt fundarákvörðun hreppsnefndarinnar í Eyrarsveit 3. dag nóvember þ. á. eru það eindregin tilmæli nefndarinnar til hins háa Alþingis, að sveitin fái keypta eyðijörðina Hrafnkelsstaði hér í sveit sem upprekstrarland.

Þessi jörð hefur verið í eyði síðan um aldamót 1900, og ýmsir hafa hana á leigu sem upprekstrarland. Lengi framan af hafði Eyrarsveit hana á leigu, en var sagt upp leigu vegna misskilnings þáverandi hreppsnefndar. Nú er það sameiginlegur vilji bænda hér í sveit, að hreppurinn kaupi landið, svo að það falli ekki í einstaklingshendur.

Virðingarfyllst,

Bárður Þorsteinsson.

Til Alþingis Íslands.